



**Kveðja frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni
á fimmtíu ára afmæli
uppreisnarinnar í Ungverjalandi**

Barátta fólksins fyrir lýðræði og auknum rétti setti sterkan svip á framþróun síðustu aldar, lagði grundvöll að því samfélagi sem flestar þjóðir heims njóta nú.

Nokkrir atburðir mörkuðu þáttaskil í þessari þróun, urðu tákna fyrir von og drauma.

Uppreisnin í Ungverjalandi fyrir fimmtíu árum var einn þessara atburða, einstakur í sögu Evrópu og veraldarinnar, vísaði veginn í átt að breytingum sem nú hafa orðið að veruleika, sáði fræjum frelsis í akur; uppskeran hefur orðið ríkuleg.

Þessir örlagadagar fyrir hálfri öld voru helgaðir baráttunni fyrir lýðræði, uppreisn fólksins gegn ofstjórn og kúgun, en þeir voru líka dagar sem sýndu hvernig erlent ríki beitir miskunnarlaust hervaldi til buga heila þjóð.

Við sem þá vorum ung munum vel þessa daga; atburðirnir mörkuðu djúp spor í lífi þjóðar minnar langt norður í Atlantshafi og við tókum vel á móti flóttamönnum sem hingað komu, fólk sem setti sterkan svip á samfélag okkar og siðferðisvitund.

Uppreisnin í Ungverjalandi var áhrifarík reynsla fyrir mína kynslóð, bautasteinn í baráttunni fyrir lýðræði sem rís hátt og mótaði vitund okkar, afstöðu og söguskoðun.

Það voru margar hetjur sem létu að sér kveða á þessum dögum, ungverskar hversdagshetjur, verkamenn og námsmenn, bændur og listamenn – þverskurður þjóðarinnar.

Á þessum tímamótum minnumst við þeirra allra, þökkum baráttu þeirra og fórnfúsa hetjulund en fögnum því um leið að Evrópa nýtur nú víðtækara lýðræðis en nokkru sinni í sögu álfunnar sem okkur er kær.

Við Íslendingar hyllum á þessum tímamótum ungverska vinj okkar.